Nr. 400 6. apríl 2021

# AUGLÝSING

**um útgáfu hæfniramma um íslenska menntun.**

Í samræmi við 3. mgr. 23. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, 2. mgr. 5. gr. laga um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og 5. gr. laga um háskóla nr. 63/2006, hefur mennta- og menningarmálaráðherra gefið út hæfniramma um íslenska menntun sem tengdur er við evrópskan hæfniramma um menntun (European Qualification Framework, EQF).

Hæfnirammi um íslenska menntun telur sjö hæfniþrep og endurspegla hækkandi þrep auknar hæfnikröfur. Markmið hæfnirammans er meðal annars að auka gagnsæi innan íslenska menntakerfisins, mynda brýr milli formlegs og óformlegs náms og auðvelda samanburð við menntakerfi annarra Evrópulanda. Námslok eru tengd við hæfniþrep og varpar ramminn ljósi á þá hæfni sem einstaklingur býr yfir að loknu námi. Hann getur þannig auðveldað samanburð, gagnsæi og hreyfanleika á milli kerfa og landa.

Hæfnirammi um íslenska menntun er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari á íslensku og ensku.

*Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 6. apríl 2021.*

**Lilja D. Alfreðsdóttir.**

*Páll Magnússon.*

**Fylgiskjal.**

Stjórnarráð Íslands | Mennta- og menningarmálaráðuneytið

# **Hæfniramminn** um íslenska menntun

| Íslensk hæfniþrep (ISQF) | Lýsing á hæfni | Dæmi um námslok | Evrópsk hæfniþrep (EQF) |
|---|---|---|---|
| 7 | • Hefur yfirgripsmikla yfirsýn yfir kenningar, rannsóknir og nýjustu þekkingu innan síns sviðs.<br>• Getur framkvæmt og leitt rannsóknir af öryggi með þróun nýrrar þekkingar að leiðarljósi.<br>• Getur sýnt sjálfstæði og frumkvæði og borið ábyrgð á flókinni fræðilegri vinnu og miðlað henni til annarra. | **Doktorspróf** | 8 |
| 6.2 | • Hefur aflað sér þekkingar með rannsóknum og skilur fræðileg viðfangsefni og álitamál og getur sett nýjustu þekkingu í samhengi.<br>• Getur skilið flókin viðfangsefni og beitt viðeigandi aðferðum við framkvæmd smærri rannsóknarverkefna.<br>• Getur átt frumkvæði að nýjum verkefnum, metið þá aðferðafræði sem við á, stýrt þeim og borið ábyrgð á sinni vinnu og samstarfsmanna. | **Meistarapróf** | 7 |
| 6.1 | • Þekkir og skilur fræðileg viðfangsefni og álitamál og getur sett nýjustu þekkingu í samhengi.<br>• Getur beitt aðferðum fræði-/starfsgreinar til að setja fram, þróa og leysa verkefni.<br>• Getur átt frumkvæði að nýjum verkefnum, stýrt þeim og borið ábyrgð á sinni vinnu og samstarfsmanna. | **Viðbótarpróf á meistarastigi** | |
| 5.2 | • Hefur skilning og innsæi á helstu fræðilegu hugtökum og kenningum og hefur vitneskju um nýjustu þekkingu á völdu sviði.<br>• Getur beitt gagnrýnum aðferðum fræði-/starfsgreinar við úrlausn verkefna og lagt á þær sjálfstætt mat.<br>• Getur unnið sjálfstætt og skipulega, gert og fylgt áætlunum og leitt verkhópa. | **Bakkalárpróf** | 6 |
| 5.1 | • Hefur þekkingu á völdum kenningum og fræðilegum hugtökum og þekkir stöðu viðkomandi sviðs í víðara samhengi.<br>• Getur undirbúið og framkvæmt verkefni og nýtt þá tækni sem notuð er í viðkomandi fræði-/starfsgrein.<br>• Getur sýnt frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum og unnið með öðrum að úrlausn verkefna. | **Diplómapróf** | |
| 4 | • Hefur sérhæfða þekkingu sem nýtist við leiðsögn og stjórnun í starfi og/eða til undirbúnings náms.<br>• Getur skipulagt vinnuferli, beitt viðeigandi tækni og þróað starfsaðferðir á ábyrgan hátt.<br>• Getur leiðbeint og veitt faglega þjálfun, metið eigið vinnuframlag og annarra og borið ábyrgð á hagnýtingu starfsgreinar í þverfaglegu samstarfi. | **Viðbótarnám við framhaldsskóla (a)** | 5 |
| 3 | • Hefur sérhæfða þekkingu sem nýtist í starfi og/eða til undirbúnings frekara náms.<br>• Getur skipulagt og metið eigin störf, sýnt fagmennsku og frumkvæði.<br>• Getur nýtt sérhæfða þekkingu til umbóta, veitt faglegt ráð og tekið þátt í þverfaglegu samstarfi. | **Stúdentspróf, próf til starfsréttinda (b), önnur lokapróf (c), aðfaranám að háskólanámi** | 4 |
| 2 | • Hefur þekkingu á verkferlum og hugtökum sem nýtast í námi og/eða starfi.<br>• Getur beitt viðeigandi faglegum aðferðum, verkfærum og upplýsingum við lausn viðfangsefna.<br>• Getur starfað með öðrum, tekið frumkvæði í samskiptum og borið ábyrgð á skilgreindum verkþáttum. | **Framhaldsskólapróf, próf til starfsréttinda (d), önnur lokapróf (e)** | 3 |
| 1 | • Hefur grunnþekkingu sem nýtist í starfi og/eða til undirbúnings frekara náms.<br>• Getur leyst viðfangsefni með því að vinna úr einföldum upplýsingum í námi og/eða starfi.<br>• Getur unnið undir leiðsögn annarra en með nokkru sjálfstæði í afmörkuðum verkefnum. | **Framhaldsskólapróf, önnur lokapróf (f), námslok úr grunnskóla** | 1 og 2 |

**Dæmi:** a) Iðnmeistari. b) Húsasmiður, sjúkraliði. c) Garðyrkjufræðingur, tækniteiknari. d) Vélstjóri með A-réttindi. e) Frístundaleiðbeinandi, kjötskurðarmaður. f) Skólaliði.

# Icelandic **Qualification Framework**

Government of Iceland
Ministry of Education, Science and Culture

| Icelandic Qualification Framework (ISQF) | Descriptors of the Icelandic Qualification Framework | Examples of qualifications | European Qualification Framework (EQF) |
|---|---|---|---|
| 7 | • Has advanced knowledge of theories, research and the latest developments in a scientific field.<br>• Can conduct and manage research with confidence in order to develop new knowledge.<br>• Can work independently, show initiative and be responsible for complex theoretical tasks and pass on knowledge to others. | **Doctoral degree** | 8 |
| 6.2 | • Has obtained knowledge through research and has a good understanding of theoretical challenges and arguments and is able to contextualise the latest knowledge.<br>• Can understand complex problems and use appropriate methods to conduct smaller research projects.<br>• Can initiate and lead new projects, evaluate the most suitable approaches, and be responsible for their own work and that of a team. | **Master's degree** | 7 |
| 6.1 | • Has knowledge and understanding of theoretical challenges and arguments and is able to contextualise the latest knowledge.<br>• Can apply the methods of the relevant field/profession to formulate, develop and solve problems.<br>• Can initiate and lead new projects and be responsible for their own work and that of a team. | **Qualification at master's level** | |
| 5.2 | • Has an understanding of and insight into major theoretical concepts and theories and is familiar with the latest knowledge within a specific field.<br>• Can apply critical theoretical and/or professional analysis when solving problems and evaluate the results independently.<br>• Can work independently in an organised manner, make and carry out plans and supervise teamwork. | **Bachelor's degree** | 6 |
| 5.1 | • Has knowledge of selected theories and theoretical concepts and has insights into the relevant field in a broader context.<br>• Can develop and manage projects using the techniques relevant to the field/profession.<br>• Can show initiative and work independently in addition to solving problems as part of a team. | **Diploma** | |
| 4 | • Has specialised knowledge useful for supervision and management in a specific field of work and/or further studies.<br>• Can organise work procedures, apply the appropriate techniques and develop working methods in a responsible way.<br>• Can give guidance and professional training, review own and others' performance and be responsible for the utilisation of the relevant occupation in cross-disciplinary cooperation. | **Additional education at upper secondary school (a)** | 5 |
| 3 | • Has specialised knowledge in a specific field of work and/or as a preparation for further studies.<br>• Can demonstrate professionalism, show initiative, organise tasks and evaluate own work.<br>• Can make use of specialised knowledge for improvements, give professional advice and co-operate in cross-disciplinary activities. | **Matriculation examination, vocational examination for professional rights (b), other final examinations (c), access to higher studies** | 4 |
| 2 | • Has basic knowledge of work procedures and concepts useful in work and/or study.<br>• Can solve problems by applying the appropriate work methods, tools and information.<br>• Can work as a part of a team, initiate interaction and be responsible for well-defined tasks. | **Upper secondary school leaving examination, vocational examination for professional rights (d), other final examinations (e)** | 3 |
| 1 | • Has the basic knowledge for work and/or as a preparation for further studies.<br>• Has the basic skills required to carry out simple tasks during studies and/or at work.<br>• Can work under guidance with some independence on well-defined tasks. | **Upper secondary school leaving examination, other final examinations (f), completion of compulsory school** | 1 and 2 |

**Examples:** a) Master craftsman. b) Carpenter, assistant nurse. c) Horticulturist, technical designer. d) Marine engineer grade A. e) Leisure assistant, meat cutter. f) School assistant.